

15. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 28. apríl 2020

Þátttakendur

Ásgeri Eiríksson, bæjarstjóri, Einar Kristjánsson, bæjarritari, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestir: Hálfdan Þorsteinsson, skólastjóri og María Hermannsdóttir, leikskólastjóri.

Staðan almennt

Mjög fá ný smit og virkum smitum fer ört fækkandi og má því ætla að faraldurinn sé í rénum. 77 uppsöfnuð smit á Suðurnesjum og 31 virk smit.

Sviðin hvert fyrir sig:

Skólinn:

Samkomubann aflétt þannig að grunnskólastarf hefst með eðlilegum hætti. Á þeim stutta tíma sem eftir til vors verði lögð áhersla á

- a) hreinlæti og þrif
- b) dagleg verkefni í skóla en minni áhersla á ferðir, sýningar og hátíðir
- c) sem mest af maiverkefnum verði sinnt.

Fullornir halda 2m reglunni eins og hægt er. Hvatt til að halda áfram að nota rafrænan hitting.

Eftirfarandi atriði verði höfð til hliðsjónar um framkvæmd skólalalds í Stóru-Vogaskóla við afléttingu samkomubanns frá 4. maí 2020: Skólalald hefst með skipulagsdegi, síðan vera smá breytingar á skóladagatali.

Starfsdagur verður í grunnskólanum mánudaginn 4. maí og kennsla hefst þriðjudaginn 5. maí. Starfsdagurinn verður nýttur til að þjappa hópnum saman, þó með tveggja metra millibili. Kennarar munu einnig vinna saman að undirbúningi kennslu og annarrar vinnu.

Frístund

Ekkert bókað hér undir.

Leikskólinn

Undirbúningurinn gengið mjög vel og hugað að tveggja metra reglunni bæði í almennri starfsemi og einnig þegar foreldrar koma með börnin og sækja. Hámark er sett á fjölda foreldra í rýminu þar sem börnum er skilað og þau sótt.

Mikilvægt er að allir, fullorðnir og börn, þvoi sér um hendur og spritti í upphafi skóladags og svo reglulega yfir daginn.

Foreldrar halda áfram að spritta hendur þegar þeir koma í leikskólann.

Gæta þarf áfram að 2 metra bili milli fullorðinna.

- Í kaffistofu geta einungis verið 3 starfsmenn samtímis. Þetta þarf að hafa í huga þegar kaffitímar eru og þegar stafsfolk sem ekki borðar með börnum er að matast í kaffistofu.
- Í matsal er mikilvægt að starfsmenn sitji þannig við borðin að hægt sé að viðhalda 2 metrum milli fullorðinna. Þá verður skammtað þannig á borðin að starfsmenn þurfi ekki að standa upp til að fá sér mat eða ná í meira. Starfsmenn halda áfram að skammta börnum í matsal. Annað

starfsfólk en það sem er að borða með börnum getur ekki verið í matsal meðan á matartímum stendur.

- Í undirbúningsherbergi geta einungis verið 2 starfsmenn við vinnu á sama tíma.
- Leggja þarf hvíld með það í huga að fullorðnir haldi 2 metra fjarlægð.
- Ekki geta verið fleiri en 5 foreldrar í fataherbergi samtímis. Hengdar verða upp leiðbeiningar á útidyr í fataherbergjum.

Tilmæli eru um að takmarka aðgengi og umgang fullorðinna um leikskólann, þetta á við um foreldra og aðra gesti. Viðburðir sem við höfum boðið foreldrum á verða því með breyttu sniði.

Deildarfundir verða á mánudaginn og mun María koma aðeins á þá fundi til að leiðbeina starfsfólki en starfsfólkið lýkur svo fundinum og vinnur að því hvernig starfsemi verður háttað á sinni deild.

Rætt var afstöðu til greiðslu á leikskólagjöldum frá 4. maí til að gefa upplýsingar til bæjarstjórnar svo hún geti endurmetið ákvörðun sína um greiðslu á leikskólagjöldum.

Álfagerði

Ekkert bókað hér undir.

Íþróttamiðstöðin

Ekkert bókað hér undir.

Félagsmiðstöðin

Ekkert bókað hér undir.

Skrifstofan

Skrifstofan tekur til starfa á hefðbundinn hátt frá og með 4. maí og opnar skrifstofan þá einnig fyrir almenning. Brynt verður fyrir starfsfólki og gestum að fara eftir tilmælum sóttvarnarlæknis um fjarlægðir.

Umhverfideild

Hefðbundin starfsemi hefst þann 4. maí, en tilmælum sóttvarnarlæknis verði fylgt á allan hátt.

Önnur mál

Búið er að boða fund hjá Almannavörnum kl. 14 á fimmtudaginn.